

hvorrar sektar, verði þær eigi greiddar innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Hina kærðu ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærðir, Jón Jónsson og Ámundi Geirsson, sæti hvor 300 króna sekt, er renni að hálfu til bæjarsjóðs Reykjavíkur og að hálfu til ríkissjóðs, og komi 18 daga varðhald í stað sektanna, verði þær eigi greiddar innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærðir greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 14. október 1942.

Nr. 86/1942. **Réttvísinn** (Einar Ásmundsson)

gegn

Andrésí Eiríkssyni (Magnús Thorlacius).

Þjófnaður.

Dómur hæstaréttar.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó svo, að refsing ákærða verði fangelsi 2 mánuði.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 150 krónur hvorum.

Rannsókn máls þetta er ábótavant um eftirtalin atriði:

Ekki hefur verið tekin skýrsla fyrir dómi af eiganda veskisins, Þorsteini Jónssyni.

Ekki hefur verið reynt að upplýsa, hvort umrætt veski hafi verið á borði í hásetaklefanum, eins og ákærði heldur fram, eða í rúmi Þorsteins Jónssonar, eins og Þorsteinn segir í skýrslu sinni til rannsóknarlögreglunnar.

Rannsóknardómarinn hefur ekki, svo séð verði, sannreynt, hversu mikið fé hafi verið í veski því, er ákærði tók.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að refsing ákærða verði fangelsi 2 mánuði.

Ákærði, Andrés Eiríksson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmennanna Einars Ásmundssonar og Magnúsar Thorlacius, kr. 150.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 8. júní 1942.

Ár 1942, mánudaginn 8. júní, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu réttarins af Jónatan Hallvarðssyni saka-dómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 1354/1942: Réttvísinn gegn Andrési Eiríkssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Andrési Eiríkssyni sjómanni, Kárástíg 13 hér í bæ, fyrir brot gegn XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 20. janúar 1919, og hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærum og refsingum:

Á Seyðisfirði:

Hinn 5. febrúar 1930 var í lögreglurétti Seyðisfjarðar ákveðið, að ákærðum skyldi komið til dvalar á sveitarheimili vegna ákæru um innbrot og þjófnað.

Í Reykjavík:

- 1939 $1\frac{1}{2}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir þjófnað.
- 1941 $1\frac{3}{4}$ Dómur sama réttar: 6 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir þjófnað.

Málavextir eru þessir:

Að morgni laugardagsins 21. marz s. l. fór ákærður um borð í vélbátinn „Frekjuna“, sem lá við vestustu Verbúðabryggjuna, til þess að reyna að fá sér þar skiprúm. Hann talaði um þetta erindi sitt við formann bátsins niðri í hásetaklefanum, en fékk ekki skiprúmið. Formaðurinn fór síðan upp úr hásetaklefanum og rétt á eftir annar maður, sem þar hafði verið, og varð ákærður þá þar einn eftir. Hann sá þá veski, sem lá þar á borði, tók það og hafði með sér í land. Hann leit í veskið og sá þar tveggja króna pening, en ekki aðra peninga, en hann skoðaði lítið í það. Ákærður faldi veskið bak við tunnu við Norðurstig, en ætlaði að taka það þaðan daginn eftir og fara með það heim til sín. Hann kveðst hafa verið pen-

ingalaus, þegar þetta gerðist, og hafa ætlað að nota peninga þá, er í veskinu væru, til að kaupa sér mat.

Veskið átti Þorsteinn Jónsson, stýrimaður á nefndum bát. Í því voru 100 krónur í peningum og nokkrar nótur og kvittanir. Hann skýrði rannsóknarlögreglunni samdægurs frá hvarfi veskisins, og náði lögreglan þá og samdægurs í ákærða, sem þegar kannaðist við brot sitt og skilaði veskinu með öllum peningunum, sem í því voru. Rannsóknarlögreglan skilaði síðan veskinu ásamt innihaldi til eiganda.

Með töku veskisins hefur ákærður brotið 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, og þykir refsing hans með hliðsjón af 255. gr. sömu laga hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði.

Samkvæmt 68. gr. 3. mgr. sömu laga þykir rétt að svipta ákærðan kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

Ákærðan ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

Þvi dæmist rétt vera:

Ákærður, Andrés Eiríksson, sæti fangelsi í 4 mánuði.

Ákærður skal frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærður greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 19. október 1942.

Nr. 60/1942. **Magnús Thorlacius f. h. Nico ter Kuile & Zonen** (Magnús Thorlacius)

gegn

Guðmundi Þórðarsyni (Enginn).

Fjárnám fyrir vixilskuld. Gengi hollenzkra gyllina.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur kveðið upp Kristján Kristjánsson, fulltrúi lögmannsins í Reykjavík.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 6. júní þ. á., krefst þess, aðallega að fjárnám verði